

Ed.

225. Frumvarp

til laga um rannsókn banameina og kenstu í meina- og líffærafræði.

Flutningsmaðnr: Jónas Kristjánsson.

Stjórnarráðið getnr ákveðið, að sjerfræðingnr skuli rannsaka banamein sjúklinga, sem deyja í sjúkrahúsnm, sem ríkið rekur, og skrá stutta skýrslu um þau. Það setur og reglur um, að hverju leyti nota megi sjúk eða heilbrigð líffæri við kenstu læknaefna.

Greinargerð.

Frv. þetta er komið fram eltir ósk læknadeildar háskólans. Það hefir mikla vísindalega þýðingu að vita með fullri vissn nm banamein sjúklinga, og jafnframt tekur það af öll tvímæli um það, hvort sjúkdómurinn hað verið sá, sem spítalalæknir taldi hann vera, og hvort meðferðin var rjett eða röng. Að þessu leyti er þetta þýðingarmikið fyrir allan almenning. Nú er það oft sjálfsagt að sýna læknaefnum, hverjum breytingum sjúkdómurinn hefir valdið, útlit líffæra o. þvil., þegar engar sjerstakar ástæður mæla móti því. Ætlast er til, að kennarinn í meinafræði við háskólann annist rannsóknir þessar án sjerstaks endurgjalds.